



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík - Sími 5610769 - netfang hj@ssi.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: 125. mál á 149. löggjafarþingi.

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu björgunarskipaflota
Slysavarnarfélagsins Landsbjargar.**

Sjómannasamband Íslands tekur heilshugar undir þingsályktunartillöguna svo fram komna. Það er löngu tímabært að endurnýja þennan mikilvæga skipaflota Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Flest skipin eru komin mjög til ára sinna, eru viðhaldsfræk og dýr í rekstri. Það er því þjóðþrifamál að ríkisstjórn Íslands komi að verki með myndarlegu fjárframlagi til þessa verkefnis.

Sjómannasamband Íslands minnir á mikilvægi þessara björgunartækja þegar kemur að slysum til sjós og lands. Um það þarf ekki að fjölyrða. Einnig má minna á þá keðju sem skipin eru hlekkur í þegar kemur að almannavarnarmálum okkar Íslendinga.

Umferð skipa á hafsvæðinu kring um Ísland er alltaf að aukast og skipin að stækka. Björgunarskip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar verða að vera í stakk búin til leitar og björgunar á hverjum tíma. Þessi þingsályktunartillaga er stórt skref í rétta átt.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Valmundur Valmundsson